



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ SPURT OG SVARAÐ Í TENGLUM VÍÐ TÚLKUN Á 7. GR. INNHEIMTULAGA
NR. 95/2008



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ SPURT OG SVARAÐ Í TENGLUM VIÐ
TÚLKUN Á 7. GR. INNHEIMTULAGA NR. 95/2008

2022 nr. 20

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 11. janúar 2023. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

SPURT OG SVARAÐ / TÚLKANIR

Innheimtulög nr. 95/2008

1. III. Kafli. Samband innheimtuaðila og skuldara

Spurning 1: Er heimilt samkvæmt 7. gr. innheimtulaga að senda innheimtviðvaranir rafrænt?

Svar 1: Í 1. mgr. 7. gr. innheimtulaga kemur fram að eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörunar. Veita má lengri frest til greiðslu.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands telur að orðalag lagaákvæðisins og önnur lögskýringargögn útiloki ekki að innheimtviðvaranir séu sendar með rafrænum hætti. Í athugasemdum við lagafrumvarp það er varð að innheimtulögum nr. 95/2008 kemur fram að markmið með frumvarpinu sé einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að með því að senda innheimtviðvaranir rafrænt til viðskiptavina sé bæði verið að tryggja að skuldarar fái innheimtviðvaranir fljótt og örugglega ásamt því að draga úr kostnaði.

Fjármálaeftirlitið telur að framangreint sé eingöngu heimilt í þeim tilvikum sem skuldarar hafa veitt upplýst samþykki fyrir rafrænum samskiptum og að þeir hafi gefið upp netfang í því skyni að sinna viðskiptum við kröfuhafa í gegnum netfangið. Hafi skuldarar ekki gefið upp netfang eða samþykkt rafræn samskipti ber innheimtuaðila að senda innheimtviðvörun með pósti á heimilisfang skuldara.